



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 16.12.2021

Borgarráð Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 15. desember 2021 varðandi eftirfarandi mál.

### **Sörlaskjól og Faxaskjól**

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að nýju deiliskipulagi fyrir göngu- og hjólastíg við Sörlaskjól og Faxaskjól. Í tillögunni felst aðskilið stígakerfi meðfram strandlengjunni og núverandi götukassa og skilgreindur er áningarstaður á gatnamótum Faxaskjól og Ægissíðu. Með framkvæmdinni er stígakerfi svæðisins styrkt til muna og umferðaröryggi bætt með fyrrnefndum aðskilnaði á göngu- og hjólastíg. Við tillögugerðina var tekið tillit til forskráningar á fornleifum og minjum innan skipulagssvæðisins. samkvæmt uppdr. Landmótunar dags. 25. nóvember 2021.


*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Vísað til borgarráðs.*

*Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: uppdr. Landmótunar dags. 25. nóvember 2021.



**Greinargerð**

**Afmörkun**  
 Skipulagssvæðið er um 1,4 ha og í reit B4 í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem afmarkast af Faxaskjól og Sörlaskjól en innan reitsins er opið svæði niður að sjó meðfram strandlengjunni og er stígakerrfið að tengjast núverandi stígakerrfi er liggur meðfram Egjissíðu og Nesvegi.

Deiliskipulagssvæðið nær yfir svæðið meðfram Sörlaskjól og Faxaskjól neðan byggðar meðfram strandlengjunni og núverandi götukassa þar sem gert er ráð fyrir aðskildum göngu- og hjólastíg. Þrenging verður á Sörlaskjól á einum stað ásamt steyptum vegg til að taka upp hæðarmismun. Þá er gert ráð fyrir göngubúvernum, lýsingu og nauðsynlegum aðgerðum til að taka við yfirbóvatni eins og sveigjum. Einnig er gert ráð fyrir áningarstað á gatnamótum Faxaskjól og Egjissíðu. Með framkvæmdinni er stígakerrfið styrkt til muna og umferðaröryggi bæt þ.d. með því að aðgreina göngu- og hjólréðastiga. Við deiliskipulagið var tekið tillit til forskráningar á fortleifum og minjum.

Á síðustu árum hefur orðið mikil aukning í notkun hjólréiða og gangandi vegfarenda á Höfuðborgarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að fjölgi enn frekar sem notar þennan ferðamata og er nauðsynlegt að stígaléiðr nái saman á milli hverfishluta. Markmið framkvæmdarinnar sem er að bæta stígaléiðr innan hverfisins, tengja saman hverfishluta og að bjóða upp á vistvænan ferðamata sem hvetur einnig til hreyfingar og eflir lýðheilsu. Til að ná þeim markmiðum hefur Reykjavíkurborg ákveðið að fara í uppbyggingu göngu- og hjólréiða meðfram Sörla- og Faxaskjól. Nýr stígur mun mata þeirri þróun sem hefur verið á síðustu árum og bæta öryggi og aðgengi göngu- og hjólréiðafólks og fyrir alla aldurshópa.

Talsvert er af minjum innan deiliskipulagssvæðisins. Borgarsögusafn hefur skráð svæðið í tengslum við deiliskipulagsvinnuna og eru innan svæðisins talsvert af minjum sem tengjast útræði, s.s. hjallar, grunnur af fiskverkunarhúsi og lendingarstaðir.

**Markmið**  
 Sem hluti af framtíðarsýn Reykjavíkurborgar um vistvænni samgöngur eru hér sett fram meginmarkmið:

- að tryggja öruggar, skilvirkar, þægilegar og vistvænar samgöngur fyrir alla
- að bæta möguleika til útivistar og áninga allt árið um kring;
- að tryggja góð tengsl um svæðið fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur;
- að tryggja öryggi vegfarenda með aðgreindum leiðum og þvernum;
- að stuðla að sjálfbærni þróun og sjálfbærni umhverfi m.a. með uppbyggingu stígaléiða á vönnutým og róskuðum svæðum.

**Aðkoma**  
 Aðkoma að skipulagssvæðinu er af horni Egjissíðu og Faxaskjól og gatnamótum Nesvegur og Sörlaskjól.

**Göngustígar**  
 Göngustígar eru sýndir innan svæðisins og tengingar við aðra stiga sem liggja að svæðinu. Stígakerrfið miðar að öruggum leiðum fyrir gangandi vegfarendur. Stígarnir eru 2,5-3 m breiðir. Gera skal ráð fyrir lágrí lýsingu á megin gangstígum svæðisins. Lega göngustiga á uppdrætti er til viðmiðunar og staðsetning og útlærsla getur breyst við nánari hönnun.

**Reiðhjólástígar**  
 Reiðhjólástígar eru sýndir innan svæðisins og tengingar við aðra stiga sem liggja að svæðinu. Stígakerrfið miðar að öruggum leiðum fyrir gangandi vegfarendur. Stígarnir eru 2,5-3 m breiðir. Gera skal ráð fyrir lágrí lýsingu á megin gangstígum svæðisins. Lega göngustiga á uppdrætti er til viðmiðunar og staðsetning og útlærsla getur breyst við nánari hönnun.

**Almennir skilmálar**  
 Í almennum skilmálum koma fram þær kvæðir og tilmæli sem gilda fyrir skipulagssvæðið í heild sinni.

**Áningarstaður**  
 Gera skal ráð fyrir áningarstað með góðu aðgengi við megin aðkomuleiðir við Egjissíðu og Faxaskjól. Heiða. Á uppdrætti er sýnd staðsetning áningarstaðar sem eru aðeins leiðbeinandi og geta breyst við nánari hönnun.

**Frágangur og gróður**  
 Almennir skal hönnun svæða falla að þeirri starfsemi sem skilgreind er innan hennar. Gras- og gróðurbeð skulu miða að skjól og rýmismyndun.

**Upplýsingaskilti**  
 Söguskiltum verður komið upp viðs vegar um svæðið í samráði við Minjastofnun. Staðsetning og útlærsla verður við nánari hönnun.


**Umhverfismat**

Göngu- og hjólastígar fellur ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000 en framkvæmdin er leyfisfiskild. Svæðið er á hverfisvernduðum svæði og skilgreint sem ST6 Egjissíða í gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur. Svæðið fellur undir hverfisvernd vegna sögumanna en svæðið er þekkt fyrir útræði á fyrri tímum. Einnig er strandlengjan fjósstöð útivistarsvæði þar sem einn fjólfarnasti útivistartígur liggur um svæðið.

Framkvæmdin snýr að uppbyggingu á göngu- og hjólréðastíg meðfram Sörla- og Faxaskjól sem liggur á milli strandlengju og samhlöðu götum meðfram sjónum. Tilgangurinn er til að bjóða almennig upp á bætтар stígaléiðr innan hverfisins, tengja saman hverfishluta og að bjóða upp á vistvænan ferðamata sem hvetur einnig til hreyfingar og eflir lýðheilsu.

Framkvæmdin tekur til afmarkaðs svæðis og eru umhverfisáhrifin talin óveruleg. Í töflu hér að neðan eru tekið saman þau áhrif sem eru tilkomin vegna áhrifa nýs göngu- og hjólastígs. Hverjum umhverfisáhrifum er gefin einkun með táknum – (neikvæð áhrif), + (jákvæð áhrif) og (engin áhrif).

| Landslag og skýnd                      |   |   | Gert er ráð fyrir nauðsynlegum uppgræftri, burðarlögi undir stiga og lagningu á stíttu yfirborði og að endanlegst yfirborð stiga liggja í svipaðri hæð og núverandi land meðfram núverandi götukassum, þannig að ekki verði skertar spjónur. Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdin hafi veruleg áhrif á landslag eða ámynd.  |
|--|---|---|--|
| Landsnotkun/skipulag                   | X |   | Stíptengingarnar eru hluti af útlögu aðalskipulags um vistvænni samgöngur og tillofu um Hjólréðastígum til 2021-2025. Svæðið er hluti af hverfisverndarsvæði STE6 og strandsvæði ST í aðalskipulagi 2010-2030. Framkvæmdin er talin hafa jákvæð áhrif á samgöngur.   |
| Samfélags- félagslegir bættir: Útivist | X |   | Aðgengi að samfélagsm stígum er aukin sem styrkir öryggi og aðveitara er að njóta strandlengjunnar til útivistar. Framkvæmdin er talin hafa jákvæð áhrif á útivist.  |
| Menningarjar                           |   | X | Óveruleg til neikvæð áhrif á minjar. Talsvert er af minjum á svæðinu sem tengjast útræði á einu eða öðrum hátt. Við leidarvör horft til þess að sneiða frá hja helstu minjum en sum staðar er farið nærri minjum vegna þáttissýslis.   |
| Loftegð, andrúmsloft og veðurfar       |   | X | Ekki er gert ráð fyrir að breyting á fólgu á stígaléiðum hafi áhrif á lofttegð, andrúmsloft eða veðurfar.  |
| Náttúrufar: Gróður                     |   | X | Svæðið er grasi vaxið, samt manggert annað ekki. Gert er ráð fyrir að lagga að nýju gras- og gróður þannig að fýra yfirbragð nota. Framkvæmdin er ekki talin hafa veruleg áhrif á gróður.  |
| Heilsa og öryggi                       |   | X | Tímabundin mengun, vinnuvæðing og slýsahætta getur verið á meðan framkvæmdum stendur. Þetta er tímabundið ástand og er framkvæmdarabla skýlt að draga úr þessum neikvæðum þáttum eins og kostur er og setja fram aðgerðarætlun á meðan verkima stendur. Eftir framkvæmdina er stígakerrfið styrkt til muna og umferðaröryggi bæt þ.d. með því að aðgreina göngu- og hjólréðastiga. Einnig munu nýir stígar efla lýðheilsu. |
| Hjóðvíst                               |   | X | Tímabundin hávaðamengun frá vinnuvæling, slýsahætta getur verið á meðan framkvæmdum stendur. Þetta er tímabundið ástand og er framkvæmdarabla skýlt að draga úr þessum neikvæðum þáttum eins og kostur er og setja fram aðgerðarætlun á meðan verkima stendur. Eftir framkvæmdina verða engin áhrif á hjóðvíst.  |



**AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030**  
 svæði afmarkað með rauðu

**SKÝRINGAR**


- Mörk deiliskipulags
- Gangstígur
- Hjólastígur
- Þverarnir
- Áningarstaður
- Skráðar fornminjar

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt

í \_\_\_\_\_  
 og í \_\_\_\_\_

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20 \_\_\_\_\_  
 með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 20 \_\_\_\_\_  
 Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20 \_\_\_\_\_.

TILLAGA AÐ GÖNGU- OG HJÓLASTÍGS VIÐ SÖRLASKJÓL OG FAXASKJÓL MKV 1:1500



SNÍÐ A-1 GÖNGU- OG HJÓLASTÍGS VIÐ SÖRLASKJÓL OG FAXASKJÓL MKV 1:400

|  |                           |                                 |        |        |
|--|---------------------------|---------------------------------|--------|--------|
| BR.  | DAGS.                     | BREYTING                        | REKNI. | TEKNI. |
| <b>REYKJAVÍKURBORG</b><br><small>UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ • BORGARTUNU 12-14, 105 REYKJAVÍK • Sími: 411 1111 • usk@reykjavik.is</small> |                           |                                 |        |        |
| <b>LANDMÓTUN</b> • HAMBORG 12 • 200 KÖPVOGUR • S. 575 5300 • KT. 561204-2700 • NETF. landmotun@landmotun.is                                |                           |                                 |        |        |
| <b>TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI</b><br><b>Göngu- og hjólastígur við Sörlaskjól og Faxaskjól</b>   |                           |                                 |        |        |
| <small>SKIPULAG: ÖÖG<br/>         TEIKNAD: BG<br/>         SAMBYKKT<br/>         KT</small>  |                           |                                 |        |        |
| <small>KVARDI 1: 1500</small>  | <small>KÖPVOGUR</small>   | <small>DAGS. 25.11.2021</small> |        |        |
| <small>VERKNR.</small>   | <small>TEKNI. NR.</small> | <small>BR.</small>              |        |        |
| <small>000-HO1301</small>  | <small>G-02</small>       |                                 |        |        |